




VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ



## Skýrsla starfshóps um kjör aldraðra

Desember 2018

Velferðarráðuneytið: Skýrsla starfshóps um kjör aldraðra  
Desember 2018

Útgefandi: Velferðarráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: postur@vel.is  
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2018 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-51-4

# Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Vinna starfshópsins	6
3	Niðurstöður	8
	<b>Fylgiskjal 1</b>	<b>10</b>
	Skilgreining þess hóps eldri borgara sem býr við lökustu kjörin	10
	Skipting eftir kyni og uppruna	10
	Skipting eftir greiðslum frá TR og öðrum tekjum	10
	Ellilifeirisþegar án fullra réttinda	12
	Eignir og skuldir	12
	Lýðfræðilegar skiptingar	14
	<b>Fylgiskjal 2</b>	<b>17</b>
	Stuðningur við ellilifeirisþega sem eiga lítinn eða engan rétt í almannatryggingum. Samantekt um fyrirkomulag í Noregi	17

## Myndaskrá

MYND 1. HLUTFALL UPPRUNA OG KYNS INNAN HVERRAR TEKJUTÍUNDAR.....	10
MYND 2. HLUTFALLSLEG SKIPTING GREIÐSLNA TR OG ANNARRA TEKNA EFTIR TÍUNDUM.....	11
MYND 3. MEÐALTAL GREIÐSLNA TR OG ANNARRA TEKNA Í KRÓNUM INNAN HVERRAR TÍUNDAR.....	11
MYND 4. HLUTFALLSLEG PRÓUN GREIÐSLNA TR OG ANNARA TEKNA 1. TÍUNDAR 2007-2018.....	12
MYND 5. EIGNIR OG SKULDIR 67 ÁRA OG ELDRI 2017.....	13
MYND 6. FJÖLDI UMSÓKNA 60 ÁRA OG ELDRI HJÁ UMBOÐSMANNI SKULDARA ÁRIN 2010-2018.....	13
MYND 7. HLUTFALL 65 ÁRA OG ELDRI SEM SKORTIR EFNISLEG GÆÐI.....	14
MYND 8. GREIÐSLUBYRÐI SEM HLUTFALL AF RÁÐSTÖFUNARTEKJUM 65 ÁRA + ÁRIÐ 2018.....	14
MYND 9. FJÖLDI EINSTAKLINGA 65 ÁRA + SEM FÆR FJÁRHAGSAÐSTOD FRÁ SVEITARFÉLÖGUM.....	15
MYND 10. FÓLK Í ALDURSHÓPNUM 65+ EFTIR TEKJUFIMMTUNGUM SEM GLÍMA VIÐ LANGVARANDI VEIKINDI EÐA HEILSUFRARSLEGR TAKMARKANIR (MEÐALTAL 2004-15).....	15

## Töfluskrá

TAFLA 1: SKIPTING ELLILIFEIRISÞEGA EFTIR TEKJUHÓPUM.....	12
TAFLA 2: ÍBÚAR Á HEIMILUM Í FJÁRHAGSVANDRÆÐUM 2016.....	13
TAFLA 3: HLUTFALL 65 ÁRA OG ELDRI SEM PURFTU ÞJÓNUSTU EN HÖFÐU EKKI EFNI Á HENNI ÁRIÐ 2015.....	16

# 1 Inngangur

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði 26. apríl 2018 starfshóp um kjör aldraðra. Starfshópinn skipa eftirtaldir:

- ▶ Haukur Halldórsson, án tilnefningar, formaður
- ▶ Arnar Þór Sævarsson, án tilnefningar
- ▶ Bergþóra Benediktsdóttir, tiln. af forsætisráðuneytinu
- ▶ Hilda Hrund Cortez, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
- ▶ Þórunn Sveinbjörnsdóttir, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- ▶ Þorbjörn Guðmundsson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- ▶ Guðrún Árnadóttir, tiln. af Landssambandi eldri borgara.

Starfsmenn starfshópsins eru Águst Þór Sigurðsson og Guðmann Ólafsson, sérfræðingar í velferðarráðuneytinu.

Í skipunarbréfi ráðherra segir meðal annars að í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokk og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 komi fram að styrkja þurfi sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Er þar lagt til að gerð verði sérstök úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.

Enn fremur segir að með vísan til sáttmálans hafi félags- og jafnréttismálaráðherra ákveðið að skipa starfshóp um kjör aldraðra. Er starfshópnum falið að fjalla um kjör eldri borgara í því skyni að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við og þá einnig að koma með tillögur um hvernig bæta megi kjör þeirra sem búa við lökstu kjörin.

## 2 Vinna starfshópsins

Starfshópurinn hefur haldið 15 fundi á tímabilinu 3. maí til 10. desember 2018. Þá hafa gestir komið á fundi hópsins og talsverð vinna hefur farið fram milli funda, meðal annars við skilgreiningu þess hóps eldri borgara sem býr við lökstu kjörin, sjá fskj. 1. Enn fremur hefur starfshópurinn kynnt sér ýmsar skýrslur og önnur gögn um stöðu aldraðra hér á landi sem og fyrirkomulag mála í nágrannalöndunum, einkum í Noregi.

Í samræmi við skipunarbréf ráðherra hefur starfshópurinn lagt áherslu á að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við og einnig að vinna að tillögum um hvernig bæta megi kjör þeirra sem búa við lökstu kjörin. Starfshópurinn hefur þó einnig farið yfir stöðu og kjör aldraðra í viðara samhengi og hafa tekjur og eignir aldraðra, fjárhæðir lífeyris, skerðingar vegna tekna, sveigjanleg starfslok, skattareglur, húsnæðisstúðningur o.fl. komið til skoðunar í því sambandi.

Segja má að helsta afurð vinnu starfshópsins sé sú greining sem sjá má í fskj. 1. Telur starfshópurinn að verst settu einstaklingar í hópi aldraðra séu þeir sem:

- a. hafa takmörkuð réttindi í almannatryggingum á Íslandi vegna fyrri búsetu erlendis,
- b. hafa áunnið sér lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum,
- c. lifa eingöngu eða nánast eingöngu á bótum almannatrygginga,
- d. búa í leighúsnaði eða mjög skuldsett eigin húsnæði.

Líklegt er talið að hluti hóps aldraðra falli undir nokkra eða alla framangreindra flokka og búi þannig að öllum líkindum við fátækt.

Starfshópurinn ákvað að skoða sérstaklega lægstu tíundirnar í greiningarvinnunni og brjóta þær niður til að átta sig á því til hvaða úrræða sé mögulega hægt að grípa til að bæta kjör hinna verst settu í hópi eldri borgara, einkum þeirra sem eru í 1. tíund. Í því sambandi er talið mikilvægt að meta heildstætt hvaða úrræði eru möguleg til að bæta kjörin. Þá hefur verið rætt um hugsanlegar breytingar á húsnæðisstúðningi við aldraða sem og breytingar á tekjuskattkerfinu, en vinna við endurskoðun þess stendur nú yfir. Er talið að hækkan persónuafsláttar sé ein þeirra leiða sem nýtist tekjulægstu hópunum best, þar með talið öldruðum.

Helstu niðurstöður greiningarvinnunnar eru þær að um 50% af öllum erlendum ríkisborgurum sem eru búsettar á Íslandi og eru 67 ára og eldri eru í 1. tíundinni, um 300 manns, og eru konur þar í miklum meirihluta. Þessi hópur hefur lægstar tekjur frá lífeyrissjóðum og mestar frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Heildartekjur hópsins eru um 245.000 kr. að meðaltali. Þeir sem eru í 1. tíund eru nánast eignalusir og búa því líklega að miklu leyti í leighúsnaði eða á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Aftur á móti búa 89% allra einstaklinga 67 ára og eldri í eigin húsnæði. Einnig kemur fram að þegar á heildina er litið er hlutfall greiðslubyrði af ráðstöfunartekjum eldri borgara frekar lágt og þeim einstaklingum 65 ára og eldri sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi hefur fækkað á undanförnum tveimur árum og voru þeir aðeins 187 á árinu 2017. Loks má nefna að ráðstöfunartekjur í aldurshópnum 66 ára og eldri hafa hlutfallslega aukist meira en hjá öðrum aldurshópum á undanförnum árum.

Starfshópurinn hefur fjallað sérstaklega um þá sem hafa takmörkuð réttindi í almannatryggingum á Íslandi vegna fyrri búsetu erlendis og kynnt sér fyrirkomulagið í Noregi. Ekki er vilji til að flækja almannatryggingakerfið en nokkuð hefur verið rætt um að setja mætti á laggirnar félagslegt kerfi á vegum ríkisins sem verði bundið við búsetu hér á landi. Þannig mætti tryggja öllum öldruðum tiltekna fjárhæð til framfærslu að meðtöldum öðrum tekjum þeirra.

Þá hefur starfshópurinn fjallað nokkuð um hversu stór hluti aldraðra teljist vera undir lágtekjumörkum en segja má að það sé sá hópur sem er í brýnni þörf fyrir frekari stuðning. Er niðurstaðan sú að á Íslandi

sé lægsta hlutfall þeirra sem eru 65–74 ára og eru undir lágtekjumörkum í Evrópu eða um 8%. Alls eru nú um 3.000 manns sem eru 65 ára og eldri undir lágtekjumörkum.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Lágtekjuhlutfall er hlutfall þeirra sem hafa minna en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Mælikvarðinn tekur tillit til þess hagræðis sem hlýst af því að búa með öðrum og reiknar hlutföll þeirra sem búa einir og með öðrum. Hagstofa Íslands tekur saman upplýsingar um hlutfallið árlega í samvinnu við Eurostat.

### 3 Niðurstöður

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru varðandi þá vinnu sem starfshópurinn hefur unnið undanfarna mánuði. Lagt hefur verið upp með að fylgja skipunarbréfi ráðherra um að greina stöðu og gera tillögur um úrbætur til handa þeim sem lökust hafa kjörin en fleiri mál hafa verið rædd sem varða hag og afkomu aldraðra almennt. Er talið að unnt sé að bæta kjör verst settu hópa aldraðra með sértaekum aðgerðum, svo sem því félagslega kerfi sem gerð er tillaga um hér á eftir og varðar þá sem ekki hafa áunnið sér full réttindi í almannatryggingum hér á landi, eða með auknum húsnæðisstuduðningi. Þá má einnig benda á að almennar aðgerðir, svo sem möguleg hækkan almenna frítekjumarksins, myndu styrkja fjárhagslega stöðu allra eldri borgara.

Loks ber þess að geta að fram hefur komið af hálfu hagsmunasamtaka eldri borgara að lögð er áhersla á að ná fram breytingum um næstu áramót, til dæmis hækkan almenns frítekjumarks vegna allra tekna eða hækkan ellilífeyris til þeirra sem ekki fá greidda heimilisuppbót. Einnig leggja hagsmunasamtökin áherslu á að atvinnutekjur skerði ekki greiðslur frá Tryggingastofnun.

Í samræmi við framangreint gerir starfshópurinn eftifarandi tillögu:

#### Aukinn stuðningur við aldraða sem eiga lítinn eða engan rétt í almannatryggingum

##### á Íslandi vegna búsetu erlendis

Íslenska almannatryggingakerfið tekur til allra sem búsettir eru á Íslandi. Til þess að öðlast rétt á fullum lífeyri sem ávinnst á grundvelli búsetu þurfa einstaklingar að hafa búið á Íslandi í 40 ár á aldursbilinu 16 til 67 ára aldurs. Því getur komið upp sú staða að einstaklingar sem búið hafa á Íslandi í skemmri tíma hafi ekki áunnið sér full réttindi frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Telur starfshópurinn að marga þessara einstaklinga kunni að skorta nægjanlega fjármuni til framfærslu og að mikilvægt sé að koma til móts við þennan hóp. Starfshópurinn hefur skoðað ýmsar leiðir til að taka á vanda þessa hóps og hefur orðið sammála um að horft verði til reynslu Norðmanna sem hafa um langt árabil verið með sértaekar leiðir hvað þessi mál varðar, sjá fskj. 2.

Starfshópurinn leggur til að tillagan verði útfærð með eftifarandi hætti og hvetur til þess að frumvarp um málið verði unnið sem fyrst, með það að markmiði að tillagan geti öðlast gildi 1. júlí 2019:

- a. Sett verði sérstök löggjöf um félagslega aðstoð ríkisins þar sem heimilt verði að veita viðbótarstuðning til einstaklinga sem ekki hafa búið nægjanlega lengi á Íslandi til að hafa öðlast full réttindi til ellilífeyris á Íslandi. Stuðningur þessi verði á vegum ríkisins og greiðist eingöngu þeim sem eru löglega búsettir og dvelja á Íslandi. Viðbótarstuðningurinn verði að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði og annist TR framkvæmdina.
- b. Þeir sem náð hafa 67 ára aldri, eru með fasta búsetu á Íslandi og hafa heildartekjur undir ákveðnu viðmiði geti notið stuðningsins
- c. Til að geta notið stuðningsins þurfi viðkomandi að vera skráður í þjóðskrá og vera með íslenskan ríkisborgararétt eða hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi.
- d. Dveljist einstaklingur erlendis samfellt í lengri tíma en 90 daga á hverju 12 mánaða tímabili falli viðbótarstuðningur niður. Tilkynna þarf TR um dvöl erlendis fyrir brottför og um komu til landsins. Lagt er til að viðbótarstuðningur falli niður við dvöl á stofnun í samræmi við lög um almannatryggingar.
- e. Gert er ráð fyrir að þeim sem fái viðbótarstuðning verði skyld að endurnýja umsókn einu sinni á ári. Þá verði þeim skyld að tilkynna um allar breytingar á stöðu og högum til TR sem geti fengið allar nauðsynlegar upplýsingar frá þeim aðilum sem taldir eru upp í 43. gr. laga um almannatryggingar. Ofgreiðslur eru endurkræfar, sbr. 55. gr. sömu laga.

- f. Lagt er til að fjárhæð stuðningsins nemí mismun á öllum tekjum og fullri fjárhæð stuðningsins að teknu tilliti til almenns frítekjumarks (nú 25.000 kr. á mánuði). Gert er ráð fyrir að stuðningur verði ekki greiddur til einstaklinga sem eiga eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 12. gr. reglugerðar nr. 1052/2009, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.
- g. Lagt er til að hámarksreiðsla einstaklings verði 90% af fullum ellilífeyri almannatrygginga á hverjum tíma auk sama hlutfalls af heimilisuppbót til þeirra sem búa einir.
- h. Fjárhæðir viðbótarstuðnings verði ákvarðaðar til eins árs í senn. Heimilt verði að greiða allt að þrjá mánuði aftur í tímann.

Reykjavík, 10. desember 2018.

Haukur Halldórsson

Haukur Halldórsson formaður

Arnar Þór Sævarsson

Arnar Þór Sævarsson

Bergþóra Benediktsdóttir

Bergþóra Benediktsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Guðrún Árnadóttir

Hilda H. Cortez

Hilda Hrund Cortez

Pórþjörn Guðmundsson

Pórþjörn Guðmundsson

Pórunn Sveinbjörnsdóttir

Pórunn Sveinbjörnsdóttir


# Fylgiskjal I

## Skilgreining þess hóps eldri borgara sem býr við lökustu kjörin

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 voru íbúar 67 ára og eldri 42.273 talsins samkvæmt Hagstofu Íslands. Þar af áttu 34.988 manns réttindi hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) í maí 2018.

### Skipting eftir kyni og uppruna

- ▶ Af þeim aðilum sem eiga réttindi hjá TR eru rétt tæp 2% af erlendum uppruna, af þeim eru um það bil 55% konur.
  - Í 1. tíund eru 3.309 manns.
  - Um 8,5% þeirra eru af erlendum uppruna sem er um 47% af heildarfjölda þeirra aðila af erlendum uppruna sem eiga réttindi hjá TR.
  - 65% þessarar tíundar eru konur en um 66% fyrstu tveggja tíundanna eru konur.
  - Eftir því sem tekjur aukast fækkar konum innan tíunda en þær eru um 40% af efstu tíund (mynd 1).
- ▶ Langflestir aðila af erlendum uppruna koma frá Norðurlöndunum en aðilar upprunnir frá öðrum löndum innan Evrópu koma þar á eftir.
- ▶ 37% aðila með erlendan uppruna eru giftir eða í sambúð á meðan um 57% aðila með uppruna á Íslandi eru giftir eða í sambúð.




Mynd 1. Hlutfall uppruna og kyns innan hverrar tekjutíundar.

### Skipting eftir greiðslum frá TR og öðrum tekjum


- ▶ Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun, frá maí 2018, er meðaltal heildarsummu greiðslna frá TR og annarra tekna 1. tíundar 245.104 kr. á mánuði. Meðaltal heildarsummu næstu tíundar eru 295.408 kr. Miðgildi hópsins eru rúmar 358 þúsund krónur á mánuði.
- ▶ Á heildina litið er munur milli tíunda annars vegar mestur milli 1. og 2. tíundar, 21%, og hins vegar begar komið er í upp fyrir 8. tíund þá fer munurinn yfir 12%.
- ▶ Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu greiðslna frá TR og annarra tekna eftir tíundum í prósentum árið 2018. Eins og sjá má eru tekjur fyrir utan greiðslur frá TR 1. tíundar lang lægstar og þá má

sjá að erlendur lífeyrir er hæstur innan þessarar tíundar sem bendir til að innan hennar sé sá hópur erlendra aðila sem búi við hvað verstu kjörin á Íslandi.




Mynd 2. Hlutfallsleg skipting greiðslna TR og annarra tekna eftir tíundum.

Mynd 3 sýnir skiptingu meðaltals greiðslna frá TR og annarra tekna í krónum innan hverrar tíundar.



Mynd 3. Meðaltal greiðslna TR og annarra tekna í krónum innan hverrar tíundar.

Þegar hlutfallsleg þróun greiðslna frá TR og annarra tekna, hjá þeim ellilífeyrisþegum sem falla í 1. tíund við mat á heildartekjum sést að lítil breyting orðið á hlutfallslegri þróun greiðslna eins og sést á mynd 4. Á síðustu 10 árum hefur hlutfall bóta af heildartekjum verið um 80% og hlutfall lifeyrissjóðsgreiðslna hefur verið í kringum 15%. Fjármagnstekjur eru litlar sem engar en þær voru 7% árið 2008 og atvinnutekjur er engar.



Mynd 4. Hlutfallsleg þróun greiðslna TR og annara tekna 1. tíundar 2007-2018.

### Ellilífeyrisþegar án fullra réttinda


Samkvæmt upplýsingum frá TR fengu 746 ellilífeyrisþegar ekki full réttindi frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis á árinu 2016. Af þeim höfðu 336 verið búsettir í ríkjum utan EES og 460 í ríkjum innan EES fyrir flutning til Íslands. Af þessum 746 fengu 558 engar greiðslur frá fyrra búsetulandi. Tafla 1 sýnir skiptingu þessa hóps eftir tekjuhópum.

Tafla 1: Skipting ellilífeyrisþega eftir tekjuhópum.

TEKJUR	FJÖLDI	HLUTFALL
0-79.999	26	3%
80.000-99.999	22	3%
100.000-129.999	43	6%
130000-149999	20	3%
150.000-169.999	45	6%
170.000-189.999	72	10%
190.000-209.999	68	9%
210.000 eða hærri	450	60%

### Eignir og skuldir

Samkvæmt tölum frá ríkisskattstjóra miðað við frumálagningu 2018 eiga aðilar innan 1. tíundar nánast engar eignir umfram skuldir. Sjá mynd 5. Það sést strax munur á milli 1. og 2. tíundar hvað þetta varðar og síðan eykst munurinn lítillega milli tíunda þar til á milli 9. og 10. tíundar þar sem munurinn eykst verulega.




Mynd 5. Eignir og skuldir 67 ára og eldri 2017.

Tafla 2 sýnir hlutfall og áætlaðan fjölda einstaklinga 66 ára og eldri í fjárhagsvandræðum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni telja um 20% húsnæðiskostnað vera þunga byrði og 28% hópsins eiga erfitt með að ná endum saman. Um fírðungur telur sig ekki geta mætt óvæntum útgjöldum en viðmiðunarupphæð óvæntra útgjalda er uppfærð árlega og var 170.000 kr. árið 2016.

Tafla 2: Íbúar á heimilum í fjárhagsvandræðum 2016.

	HLUTFALL %	ÁÆTLAÐUR FJÖLDI
Húsnæðiskostnaður er þung byrði	20	6800
Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum	24	9800
Erfitt að ná endum saman	28	11200


Árin 2009–2018 voru að meðaltali um 9% umsókna hjá umboðsmanni skuldara frá aldurshópnum 60 ára og eldri. Alls 1.484 umsóknir.




Mynd 6. Fjöldi umsókna 60 ára og eldri hjá umboðsmanni skuldara árin 2010-2018.

## Lýðfræðilegar skiptingar

- ▶ Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar bjuggu 89% eldri borgara í eigin húsnæði árið 2016.
- ▶ Þá leigðu mun færri á almennum leigumarkaði 2016 heldur en árið 1999 þrátt fyrir að hlutfall eldri borgara í leiguþúð sé nánast það sama.
- ▶ Aðeins 6% hópsins búa í leiguþúndi (2.536 manns) og af þeim er rúmur fjórðungur (28%) á almennum leigumarkaði.
- ▶ Frá árinu 1999 hefur hlutfall eldri borgara á leigumarkaði, sem er í leiguþúð á vegum sveitarfélaga, farið lækkandi eða úr 41% árið 1999 í 25% árið 2016.
- ▶ Miðað við að heildarsumma réttinda og tekna fyrir 1.tíund sé 245.101 kr. á mánuði má draga þá ályktun við skoðun töflu 2 að þessir aðilar séu líklegastir til að búa ekki í eigin húsnæði, eða u.p.b. 20% þeirra.
- ▶ Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fyrir árið 2014 bjuggu um 6,6% einstaklinga í aldurshópnum 65 ára og eldri við íþyngjandi húsnæðiskostnað.<sup>2</sup>
- ▶ Í aldurshópnum 65 ára og eldri bjuggu um 2,5% við skort á efnislegum gæðum árið 2014 og 0,5% bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum sbr. mynd 7.




Mynd 7. Hlutfall 65 ára og eldri sem skortir efnisleg gæði.



Mynd 8. Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum 65 ára + árið 2018.


<sup>2</sup> Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilisins.

- Alls fengu 187 manns fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið 2017 í aldurshópnum 65 ára og eldri eða 0,4% þessa aldurshóps. Samkvæmt upplýsingum upplýsingum frá Reykjavíkurborg fengu 86 manns 67 ára og eldri fjárhagsaðstoð í Reykjavík árið 2017. Það eru um 3,25% af þeim sem fengu aðstoð það árið sem voru alls 2.648 einstaklingar.



Mynd 9. Fjöldi einstaklinga 65 ára + sem fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.

Samkvæmt rannsókn Félagsví sindastofnunar telur meirihluti eldri borgara heilsufar sitt almennt gott en þeir sem eru tekjulægri eru líklegrir til þess að telja heilsufar sitt slæmt en þeir sem eru tekjuhærri. Eins og sjá má á mynd 10 eru þeir sem tilheyra lægri tekjfimmtungum í meiri hættu á að verða fyrir langvarandi veikindum eða heilsufarslegum takmörkunum í daglegu lífi.



Mynd 10. Fólk í aldurshópnum 65+ eftir tekjfimmtungum sem glima við langvarandi veikindi eða heilsufarslegar takmarkanir (meðaltal 2004-15).

- ▶ Af þeim sem bera einhvern læknis- eða lyfjakostnað er kostnaður hinna tekjulægstu mun hærri en hinna tekjuhæstu.
- ▶ Samkvæmt Evrópsku heilsufarsrannsókninni höfðu 2,3% einstaklinga 65 ára og eldri ekki efni á læknispjónustu árið 2015 og 7,5% höfðu ekki efni á tannlæknaþjónustu. Rúm 5,5% töldu sig ekki hafa efni á geðheilbrigðispjónustu og 3,5% höfðu ekki efni á lyfseðilsskyldum lyfum.

Tafla 3: Hlutfall 65 ára og eldri sem þurftu þjónustu en höfðu ekki efni á henni árið 2015.

LÆKNIS- PJONUSTA	TANNLÆKNA- PJONUSTA	LYFSEÐILSSKYLD LYF	GEÐHEILBRIGÐIS- PJONUSTA
Þurftu þjónustu Ekki efni á þjónustu	59,0% 2,3%	51,2% 7,5%	82,3% 3,5%
			9,1% 5,6%

## Fylgiskjal 2

Velferðarráðuneytinu, 24. október 2018.

### **Stuðningur við ellilífeyrisþega sem eiga lítinn eða engan rétt í almannatryggingum. Samantekt um fyrirkomulag í Noregi**

Norska almannatryggingakerfið tekur til allra sem búsettir eru í Noregi. Til þess að öðlast rétt á fullum lífeyri, sem ávinnst á grundvelli búsetu, þurfa einstaklingar að hafa búið í Noregi í 40 ár fyrir 67 ára aldur. Því getur komið upp sú staða að einstaklingar sem búið hafa í Noregi í skemmtíma hafi ekki áunnið sér lífeyri sem dugi þeim til framfærslu og hafa ekki nægilega fjármuni til að framfæra sig sjálfir.

Samkvæmt lögum frá 2005 er unnt að veita viðbótarstuðning í slíkum tilvikum. Fyrirkomulagið er hugsað til að léttu útgjöldum af sveitarfélögnum vegna þessa hóps.

Lögin tryggja þessum einstaklingum greiðslur sem eru svipaðar ellilífeyri án uppbótar (n. forsørgingstillegg) og því stöðugri fjárhagslegan stuðning þeim til framfærslu en almenna fjárhagsaðstoðin er en sækja þarf um hana í hverjum mánuði. Stuðningurinn er háður mati á þörf og skerðast greiðslur á móti öllum tegundum tekna, bæði frá Noregi og öðrum ríkjum og á það bæði við um tekjur greiðsluþega og maka/sambúðaraðila. Þá geta eignir leitt til synjunar.

Þeir sem geta notið stuðningsins eru einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri og eru með fasta búsetu í Noregi og hafa tekjur og eignir undir ákveðnu viðmiði. Viðkomandi þarf að vera skráður í þjóðskrá og vera með norskan ríkisborgarárétt eða hafa fengið, á grundvelli laga um útlendinga, varanlegt dvalarleyfi eða tímabundið dvalarleyfi sem veitir rétt til varanlegs dvalarleyfis. Dvelji sá sem fær stuðninginn erlendis í lengri tíma en 90 daga á hverju 12 mánaða tímabili fellur stuðningurinn niður. Tilkynna þarf Tryggingastofnuninni um dvöl erlendis fyrir brottför. Eftir heimkomu þarf að afhenda stofnuninni skjöl um brottför og komu. Einnig fellur stuðningurinn niður eftir einn mánuð á stofnun þar sem ríkið greiðir fyrir dvölinu að fullu eða að hluta.

Stuðningurinn nemur mismun á öllum tekjum og fullri fjárhæð stuðningsins.

Hámarksgreiðslan samsvarar lífeyri almannatrygginga í Noregi sem 1. janúar 2018 var 181.744 norskar kr. (2.617.114 íslenskar kr. miðað við gengi 14,4) á ári fyrir einhleypa lífeyrisþega og þá sem eiga maka/sambúðaraðila sem eru yngri en 67 ára. Ef báðir aðilar eru orðnir 67 ára er hámarksfjárhæðin 172.711 norskar kr. (2.487.638 íslenskar kr. miðað við gengi 14,4). Sama á við ef greiðsluþegi deilir heimili með fullorðnum börnum sínum eða öðrum fullorðnum þótt ekki sé um hjúskap eða sambærilegt samband að ræða.

Stuðningurinn er háður mati á þörf og lækkar hafi viðkomandi eða maki hans eða sá sem hann deilir heimili með aðrar tekjur af vinnu, eignum eða lífeyri hvort heldur sem er norskan eða erlendan. Stuðningurinn er ekki veittur ef umsækjandi á eignir (fjármagnseignir, captial asses) umfram 46.817 norskar krónur (674.165 kr. mv. gengi 14,4).

Stuðningurinn er veittur án skilyrða um að ávinnslu- eða tryggingatímabilum sé lokið. Greiðsluþegar verða að endurnýja umsókn sína árlega með því að koma sjálfir í eigin persónu á skrifstofu Tryggingastofnunarinnar (NAV). Skylt er að tilkynna um allar breytingar á stöðu og högum. Makinn er einnig skyldugur að veita upplýsingar um tekjur og eignir. Tryggingastofnunin getur fengið allar nauðsynlegar upplýsingar frá öðrum opinberum stjórnvöldum, skattyfirvöldum, félagsþjónustu, lögreglu, vinnuveitanda, bönkum, tryggingarfélögum og lífeyrissjóðum. Ofgreiðslur eru endurkræfar.

Þar sem að greiðslur stuðningsins eru aðeins ákvarðaðar til eins árs í senn breytast greiðslurnar við næstu ákvörðun, ef til dæmis lagabreytingar eru gerðar í millitiðinni. Allt að tvísvar á greiðslutímabilinu er gerð krafa um að viðkomandi komi til viðtals á skrifstofu Tryggingastofnunar. Hægt er að fá greiðslur allt að þrjá mánuði aftur í tímann.

Stuðningurinn telst hvort vera hluti almannatrygginga né hluti almennrar fjárhagsaðstoðar. Hann greiðist eingöngu þeim sem eru löglega búsettir og sem dvelja í Noregi. Stuðningurinn er að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði og annast Tryggingastofnunin (NAV) framkvæmdina.

Eftir að löginn höfðu verið í gildi í 10 ár, árið 2015, var þeim breytt með hliðsjón af reynslunni. Breytingin varðaði þá sem búa í Noregi og sem fengið höfðu til sín fjölskyldumeðlim á grundvelli fjölskyldusameiningar að því tilskyldu að viðkomandi ábyrgðist þá og þeir væru hluti hans fjölskyldu. Þeir sem fengu búsetuleyfi á þeim grundvelli eiga ekki rétt á greiðslum þessa stuðnings. Við breytinguna fækkaði greiðsluþegum um rúmlega 560. Þeir sem búa með öðrum eiga ekki rétt á hærri greiðslum, aðeins þeir sem eru í raun einir. Breyting var gerð í þá átt árið 2016 og eftir það fengu tæplega 800 greiðsluþegar lægri greiðslur en þeir höfðu fengið áður.

Árið 2016 fengu rúmlega 2.700 manns þennan stuðning, þar af voru 2/3 einhleypir og 2/3 konur. Aðeins um 120 af heildarfjölda greiðsluþega voru fæddir í Noregi. Um 86% greiðsluþega fengu skertar greiðslur, langflestir vegna þess að þeir fengu einnig greiddan ellilífeyri almannatrygginga. Meðaltal árlegrar heildargreiðslu var 125.705 norskar kr. (1.810.152 íslenskar kr. miðað við gengi 14,4) árið 2016.

Hlutfallslega þá fengu 7,6% innflytjenda eldri en 67 ára stuðninginn en af öllum íbúum Noregs í þeim aldurshópi fengu 0,4% stuðning. Greiðsluþegar voru flestir innflytjendur frá ríkjum þar sem lítil eða engin tryggingakerfi eða velferðarkerfi eru til staðar, svo sem frá Afríku, Asíu og Austur-Evrópu utan EES-svæðisins. Margir þeirra höfðu búið nógu lengi í Noregi til að öðlast norskan ríkisborgarárétt.

